

Aðalstjórnarfundur UMFT

15.febrúar 2010

Mætt fyrir aðalstjórn: Gunnar Þór, Magnús, Elínborg og Kristjana,

Dagskrá:

Undirbúningur aðalfundar
Önnur mál

1. Stjórnin ákveður að aðalfundur skuli haldinn 11. Mars 2010. Stjórnarmenn skiptu með sér verkum varðandi undirbúning aðalfundar.
2. Gunnar Þór sagði frá því að vegna óviðráðanlegra orsaka hafi starfsmaðurinn sem ráða átti í átaksverkefni fyrir félagið ekki getað hafið störf og því þyrfti aftur að fara að leita að starfsmanni.

Gunnar Þór sagði okkur frá fundi sem hann sótti á vegum ÍSÍ og haldinn var á Akureyri fyrir aðildarfélög sambandsins á norðurlandi. Sagði hann að þetta hefði verið góður spjallfundur og ýmsar hugmyndir komið fram. Meðal annars lagði Gunnar Þór það til á fundinum að íþróttafélögin á norðurlandi tækju sig saman og efndu til sameiginlegra æfingabúða fyrir unga og efnilega iðkendur sem vilja ná langt í sinni íþróttagrein.

Gunnar Þór formaður sendi Félags- og tómstundanevnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar bréf eftir síðasta fund aðalstjórnar UMFT, þar sem kynntar voru hugmyndir að úttekt á þörfum fyrir íþróttamannvirki í sveitarfélaginu, um samstarf við þessa vinnu og kostnað við hana. Borist hefur svar frá nefndinni og hafnar hún erindinu og telur ekki fjárhagslegar forsendur til að styðja við verkefnið.

Fleira ekki gert

Kristjana Jónsdóttir, ritari.